

1869.

11. febrúar.

hverju ári herskip til Íslands til þess að hafa stöðvar þar, og að hún fyrir þá sök muni fara þess á leit, að veitt verði fé til þessa í upphæð þeirri, sem ætluð er á ári hverju til skipabúnaðar, en hins vegar hefir sjóliðsstjórnin skýrt frá, að þar sem þær æskid þess, að sami yfirforingi og annar foringi verði settur yfir herskipið, sem fer til Íslands, fleiri ár samfleytt, þá sjái hún sér því miður ekki fært að verða við þessari ósk yðar, því að æfing sú, sem yfirmönnum í sjóliðinu verður látin í tæ á ári hverju, sè af svo skornum skamti, að stjórnarráðið, sèr í lagi þar sem kapteinarnir eiga í hlut, geti ekki skipað sama manninn í sömu yfirforingjastöðu mörg ár samfleytt, áu þess að skerða réttindi hinna yfirmannanna.

Þetta álitum vèr oss skylt að tilkynna yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, og skal því um leið við bætt, að um niðurlagsatriðin í ofan nefndri bænarskrá eru byrjaðir samningar við stjórnir þær, sem í hlut eiga.

23. febrúar.

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um kostnað nokkurra hreppa í Eyjafjarðarsýslu til að sækja korn vestur á Hofsós.

Með bréfi dagsettu 11. nóvembermán. f. á. hafid þær, herra amtmaður, sent hingað eptirrit og útleggingu af bænarskrá með fylgiskjölum frá síra Arnljóti Ólafssyni og Páli hreppstjóra Magnússyni, þar sem þeir í umbodi 6 hreppa í Eyjafjarðarsýslu sækja um, fyrst og fremst, að hlutast verði til um, að tæðir hreppir fái endurgoldinn hjá Guðmann og Hoepfner, kaupmönnum, kostnað þann, 503 rd. 32 sk. að upphæð, sem gekk til að láta sækja 135 tunnur af kornmat þeim, sem að tilhlutun stjórnarráðsins var sendur haustið 1867 til Hofsóss, með því að greindir kaupmenn yirðist háfa komið því til leiðar með að líkindum ósönnnum skýrslum um aðflutninga af korni til Akureyrar, að stjórnarráðið var ófánlegt til að senda 300

tunnur af kornmat sama haustið til Akureyrar til útbýtingar meðal bágstöddustu hreppanna, og til vara, ef að þetta fengist ekki án lögsóknar, að sér þá verði veitt gjafsókn til að lögsækja ofan nefnda kaupmenn. 1869.
23. febrúar.

Um leið og yður eru send aptur 6 fylgiskjöl, skal yður til vitundar gefið um þetta efni yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að stjórnarráðinu ekki þykir neitt tilefni til að taka bænarskrá þessa til greina, hvorki aðalatriði hennar né vara-atríði.

9. Bréf domsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um áritanir á konungleg ríkisskuldabréf. 25. febrúar.

Fjárstjórnardeild ríkisskulda- og eptirlaunamálanna hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, að þér, herra kanselliráð, hafið farið þess á leit í bréfi dagsettu 1 desembermán. f. á., — — — — — að, þar eð það sé svo miklum kostnaði, áhættu og erfiðleikum bundið að senda ríkisskuldabréfin hingað til þess að skrá þau í bækur ríkisskuldaskrifstofunnar, þá yrði leyft í þetta eina skipti, að bæði þessi ríkisskuldabréf og tvö önnur, sem eru nákvæmar tiltekin í skjali frá nótaríus, er fylgdi bréfi yðar, og þar sem lýst er yfir, að á nokkur af þessum 5 ríkisskuldabréfum sé ritað, að þau sé eign sjúkrahússins í Reykjavík, og hin sé afsöluð því, verði rituð í bækur ríkisskuldaskrifstofunnar sem eign tæðs sjúkrahúss.

Samkvæmt tilmælum ofan nefndrar stjórnardeildar — — — — — skal yður til vitundar gefið, herra kanselliráð, að fjárstjórnin sér sér ekki fært að verða við tilmælum yðar um að láta skrá þessi 5 ríkisskuldabréf í bækur ríkisskuldaskrifstofunnar sem eign sjúkrahússins í Reykjavík, þar eð ekkert verður ritað í bækurnar um ríkisskuldabréf, nema því að eins að embættismenn þeir, sem sá starfi er falinn á hendur, hafi á undan rannsakað, að ríkisskuldabréfin sé ófölsuð, og að áritanirnar á þau sé gildar, og að þessir embættismenn